

Fundur Sundráðs ÍRB og hópstjóra Sparisjóðsmótsins

Fundur nr. 7

6. maí 2010 hjá DMM lausnum kl. 20:00

Mættir: Sigurþór, Steindór, Anna Lilja, Guðmundur, Herdís, Helga, Elsie, Falur, Sigurbjörg, Ásta, Lúðvík, Júlíus og Bjarney.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir og hún skoðast samþykkt.

2. Mare Nostrum

Hætt hefur verið við ferðina og þeir sundmenn sem ætluðu í þá ferð komast sennilega í æfingarferðina til Benidorm.

3. Þjálfaramál

Verið að vinna í að handsala samningum við þjálfara. Umsóknarfrestur vegna yfirþjálfarastöðu rennur út 11. maí. Fjöldi umsókna hefur borist frá öllum heimsálfum.

4. Bikar

1. og 2. deild keppa á Bikar. Verða að lágmarki 10 lið, kannski 12. Hvert félag kemur með um 20 manna lið samtals u.þ.b. 200 sundmenn. Mótið verður á föstudegi og laugardegi. Sömu hópstjórar. Botninn tekinn upp fimmtudaginn 20. maí 2010 kl. 17:00. Pallar koma í hús miðvikudaginn 12. maí og þá er undirbúningur fyrir sp-mótið.

5. Sparisjóðsmótið

Hópstjórar hittast miðvikudaginn 13. maí kl. 17:00 og hefja undirbúning. Ákveða þarf hvenær verðlaunaafhending er og í hvaða búningsklefum lið eru. Bjarney hefur þegar talað við nokkra aðila um að koma og afhenda verðlaun.

6. Önnur mál

a) Sóley ætlar að hafa lokahóf og grill fyrir sína sundmenn 19. maí og yngstu sundmenn munu hætta að synda 19. maí en þeir sem eru að fara á Akranes æfa áfram.

b) Íslandsmeistarastyrkir hafa verið greiddir út og fá sundmenn 90% af þeim greiddan inn á sundsjóð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:15.

Fundarritari: Sigurbjörg Róbertsdóttir